

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á lokahófi Þjóðarspegilsins, XX. ráðstefnu í félagsvísindum. Haldið á Litla-Torgi föstudaginn 1. nóvember 2019 kl. 17.00.

Komið þið sæl öll sömul.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð á þessu lokahófi að loknum Þjóðarspeglinum, ráðstefnu í félagsvísindum við Háskóla Íslands. Að leiðarlokum þessa 20. Þjóðarspegils er við hæfi að staldra við og líta yfir merka sögu ráðstefnunnar. Ráðstefnan var fyrst haldin haustið 1994 í Odda og á tveimur dögum voru fluttir 52 fyrirlestrar. Samkvæmt skráningu í gestabækur má ætla að rúmlega 300 gestir hafi sótt ráðstefnuna. Árið 1997 var ráðstefnan svo haldin í annað sinn og voru fyrirlestrar þá 74 talsins og ráðstefnugestir um fjögur hundruð. Óhætt er að segja að Þjóðarspegillinn hafi slegið í gegn frá upphafi og hélt þátttaka fræðimanna og aðsókn fróðleiksfúsra gesta áfram að aukast með hverri ráðstefnu. Árið 2010, þegar Þjóðarspegillinn var haldinn í 11. sinn, sóttu ráðstefnuna hvorki meira né minna en um 1.000 manns og stóðu þeim til boða heilir 168 fyrirlestrar í 43 málstofum. Síðastliðin ár hefur ekki verið fylgst sérstaklega með fjölda gesta, en ætla má að yfir 1.000 manns sækir ráðstefnuna ár hvert. Á síðasta ári voru 175 erindi flutt í 47 málstofum en í ár eru erindin 204 og málstofurnar 51.

Fyrirkomulag ráðstefnunnar hefur einnig þróast og tekið breytingum í áranna rás. Fyrstu fjögur skiptin spannaði ráðstefnuhaldið tvo daga og liðu þá nokkur ár á milli þess sem ráðstefnan var haldin. Frá og með árinu 2003 hefur ráðstefnan hins vegar verið árlegur viðburður, haldin að hausti og staðið yfir í einn dag.

Meginmarkmið Þjóðarspegilsins hefur frá upphafi verið að kynna það nýjasta í íslenskum rannsóknum á sviði félagsvísinda. Á ráðstefnunni gefst fræðafólki tækifæri til að kynna vinnu sína og efna til samtals um rannsóknarstörf sín við almenning sem og aðra rannsakendur. Eins og áður var getið hefur ráðstefnan í gegnum tíðina verið mjög vel sótt, af fræðafólki í félagsvísindum, nemendum og almenningi. Lögð hefur verið áhersla á að auglýsa ráðstefnuna vel í fjölmiðlum í því skyni að gera efni hennar aðgengilegt öllu áhugafólki um félagsvísindi.

Allt fram til ársins 2016 gafst þátttakendum færi á að gefa út greinar í tengslum við ráðstefnuna, lengi vel í prentuðu ráðstefnuriti en síðar í rafrænu formi. Fyrstu árin voru erindi á Þjóðarspeglinum gefin út í einu riti en árið 2003, þegar ráðstefnan var haldin í fjórða skiptið, voru ritin orðin þrjú. Á 11. Þjóðarspeglinum árið 2010 voru ritin orðin 12 talsins, tvö fyrir hverja af 6 deildum Félagsvísindasviðs, og geymdu þau alls 173 greinar. Þá var hluti greinanna ritstýrður og hinn ritrýndur. Þegar þarna var komið sögu var ákveðið að hverfa frá prentaðri útgáfu greina í tengslum við ráðstefnuna, áfram hafi verið gefnar út

ágripabækur. Í Skemmunni má finna ráðstefnurit Þjóðarspegilsins allt frá árinu 1994 og einnig hinar ýmsu greinar sem byggja á erindum sem flutt hafa verið á ráðstefnunni.

Það er skemmtilegt að lesa formála bókanna, m.a. þá sem prófessorarnir Friðrik H Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson rituðu, en þeir voru aðalhvatamenn ráðstefnunnar í upphafi. Í bókunum er jafnframt að finna ríkulegt safn greina sem spanna fjölmörg fræðasvið og eru glæstur vitnisburður um sérlega gróskumikið starf í félagsvísindalegum rannsóknum.

Þátttakendur Þjóðarspegilsins eru sérfræðingar á hinum ólíku sviðum félagsvísindanna, s.s. bókasafns- og upplýsingafræði, aðferðafræði, afbrotufræði, fötlunarfræði, félagsráðgjöf, hagfræði, mannfræði, sálfræði, námsráðgjöf, kynjafræði, viðskiptafræði, uppeldis- og menntunarfræði, stjórn málafræði og þjóðfræði, svo nokkuð sé nefnt. Þá er vert að geta þess að ráðstefnan hefur með árunum í sívaxandi mæli verið opnuð fyrir fyrirlesurum utan Háskóla Íslands og á hverri ráðstefnu eru erlendir fræðimenn meðal þátttakenda. Með öllu þessu hefur Þjóðarspejillinn fyrir löngu áunnið sér ótvíræðan sess sem stærsti vettvangur félagsvísinda á Íslandi.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri og vil að lokum óska öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg til að gera þessa ráðstefnu sem

glæstasta, skipuleggjendum, framsögumönnum og gestum. Þið megið sannarlega vera stolt af árangrinum.

Takk fyrir.